

Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 27. apríl 2020
UST202004-108/S.I.
08.08.01

**Efni: Framlenging starfsleyfis fyrir Malbikunarstöðina Hlaðbær-Colas hf.,
Gullhelli, Hafnarfirði**

Vísað er til erindis Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær-Colas hf. þann 30. mars s.l. þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfinu sem gefið var út fyrir malbikunarstöðina í Hafnarfirði.


Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda.

Fullnægjandi starfsleyfisumsókn hefur borist fyrir stöðina.


Gildistími hins framlengda starfsleyfis rann út 1. apríl 2020. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til **1. apríl 2021.**

Það skal tekið fram að vinna sem fellur á Umhverfisstofnun vegna þessarar framlengingar er skráð í verkbókhald á sama hátt og önnur vinna sem varðar auglýsingu og útgáfu nýs starfsleyfis og mun hún koma til viðbótar vegna uppgjörs við útgáfu þeirra starfsleyfa. Því fylgir þessari ákvörðun engin innheimta kostnaðar að svo stöddu.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
forstjóri



Sigurður Ingason
sérfræðingur